

Mál nr. 259/2025

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V): (V1) og (V2)

Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.

Skráningarnúmer ökutækja: (A) og (B)

Vátryggingaratburður. Sönnun. Sakarskipting.

Gögn.

1. Málskot móttakið 11. júlí 2025.
2. Athugasemdir V1, dags. 30. júlí 2025, ásamt fylgiskjöllum.
3. Athugasemdir V2, dags. 16. október 2025, ásamt fylgiskjöllum.
4. Viðbótarathugasemdir M, dags. 16. október 2025, ásamt fylgiskjöllum.

Málsatvik.

Samkvæmt ökutækjaskýrslu sem fyrirtækið Aðstoð og öryggi (A&Ö) gerði, var bifreiðin A, sem er í eigu M, kyrrstæð í bílaröð fyrir framan Grensásveg 9, hinn 5. maí 2025, þegar ökumaður kveðst hafa fundið högg koma á hægri hlið A við það að bifreiðinni B var ekið aftur á bak úr stöðureit að bifreiðinni. Ökumaður A lagði bifreiðinni aðeins frammar á bílaplaninu og ætlaði að ræða við ökumann B þegar hann ók af vettvangi. Starfsmaður A&Ö hafði samband við ökumann B sem kannaðist við atvikið en taldi sig hafa hemlað nógu snemma en neitaði ekki fyrir þetta. Gerður var samanburður á ökutækjunum og benti ökumaður A á rispur á hægri aftur hurð bifreiðarinnar sem hann sagði vera nýtt tjón. Við skoðun sáust engar ákomur á B. Niðurstaða samanburðar A&Ö var sú að mögulegt hafi verið að vinstra afturhorn B hafi farið á A án þess að neitt sæist á B.

Í málskoti segir M son sinn hafa verið á bifreiðinni umrætt sinn og að hann hafi fundið greinilega og heyrt þegar ekið var á bifreiðina A. Sjáanlegt tjón hafi orðið á bifreiðinni. Finnst M skrítið að tjónvaldur geti einfaldlega neitað fyrir að hafa ekið á hann og borið fyrir sig að hann hafi ekki orðið var við það.

V1 telur að teknu tilliti til þess að í skýrslu A&Ö sé ekki útilokað að bifreiðarnar hafi lent saman og þess að ökumenn beggja kannist við atvikið, sé rétt að M eigi rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu B hjá V2.

V2 vísar til þess að hafa verði hliðsjón af almennum sönnunarreglum sem kveða á um að sá sem heldur því fram að hafa orðið fyrir tjóni, beri sönnunarbyrði fyrir því hver olli honum tjóni, umfangi þess og að tjónið sé afleiðing af saknæmri háttsemi tjónvalds. Með hliðsjón af því telur V2 ósannað að tjón á A verði rakið til notkunar bifreiðarinnar B.

Álit.

Ágreiningur málsins snýst um hvort sannað sé að tjón á A sé að rekja til þess að bifreiðinni B var ekið aftur á bak úr stöðureit á bifreiðina A. V2 telur ósannað að tjónið sé af völdum B og vísar til almennra sönnunarreglna skaðabótaréttarins. M telur sig hafa sýnt fram á að tjón hafi orðið umrætt sinn. Samkvæmt gögnum liggur fyrir skýrsla frá A&Ö, þar sem fram kemur að samanburður ökutækja bendi til þess að mögulegt sé að vinstra afturhorn B hafi farið utan í hægri afturhurð A, án þess að sjáanlegar ákomur yrðu á B. Þá kemur fram í framburði ökumanns B að hann kannist við að hafa ekið aftur á bak að bifreiðinni A, þó hann telji sig hafa hemlað tímanlega. Með vísan til fyrirbyggjandi gagna, framburðar aðila og samanburðar á ákomum á bifreiðunum A og B sem fyrirtækið Aðstoð og öryggi framkvæmdi, er það afstaða nefndarinnar að fyrir liggi fullnægjandi sönnun á því að bifreiðinni B var ekið aftur á bak utan í bifreiðina A fyrir utan Grensásveg 9 þann 5. maí 2025. Með vísan til ofangreinds verður sök því, sbr. 5. gr. laga um ökutækjatrýggingar nr. 30/2019, skipt þannig að ökumaður B ber alla sök á umræddum árekstri.

Niðurstaða.

Ökumaður B ber alla sök á árekstrinum.

Reykjavík, 11. nóvember 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir